



Alþingi
Erindi nr. P 125/1691
komudagur 18.4.2000

SAMKEPPNISSTOFNUN

Málsnúmer/bréfalykill

Nefndasvið Alþingis
b.t. Helgu Þórisdóttur, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 18. apríl 2000.

Með bréfi, dags. 27. mars 2000, óskar heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis eftir umsögn Samkeppnisstofnunar um frumvarp til lyfjalaga og almannatrygginga, 401. mál. Umsögn Samkeppnisstofnunar er eftirfarandi:

Á síðustu árum hafa samkeppnisyfyrvöld, í sívaxandi mæli, þurft að hafa afskipti af auglýsingum á náttúruvörum og fæðubótarefnum. Það sem helst hefur verið áfátt í þessum auglýsingum er að auglýsendur fullyrða að vörur þeirra hafi áhrif á heilsu manna og vinni gegn ýmsum sjúkdómum. Í slíkum tilvikum hefur Samkeppnisstofnun óskað eftir upplýsingum frá auglýsendum til staðfestingar auglýstum áhrifum. Í engum tilvikum hafa auglýsendur sýnt fram á að fullyrðingar um lækningamátt náttúruvara og fæðubótarefna standist. Samkeppnisyfyrvöld hafa í slíkum tilvikum beitt ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 þar sem m.a. er fjallað um villandi upplýsingar til neytenda og skírskotun til óviðkomandi mála í auglýsingum. Jafnframt hefur verið vísað til þess að skv. lyfjalögum og reglugerð um markaðsleyfi náttúrlyfja sé eingöngu heimilt að auglýsa lækningamátt lyfja og náttúrulyfja.

Samkeppnisstofnun telur að með 13. gr. frumvarpsins, þar sem bannað er að auglýsa lækningarmátt náttúruvara og fæðubótarefna, verði ákveðinni réttaróvissu eytt og málsmeðferð slíkra mála auðvelduð hjá Lyfjamálastofnun. Jafnframt bendir Samkeppnisstofnun á að til bóta væri að skýra betur hvað felst í orðalagi greinarinnar „*Einnig er bannað að auglýsa með texta eða myndum, beint eða óbeint...*“. Í þessu tilviki bendir Samkeppnisstofnun sérstaklega á að í kjölfar aðgerða samkeppnisyfyrvalda í þessum málaflokki hafa auglýsingar á náttúruvörum og fæðubótarefnum breyst. Áður var um að ræða almennar auglýsingar seljenda um lækningamátt vara en nú halda nafngreindir einstaklingar fram áþekktum fullyrðingum um áhrif efnanna á líkamsstarfsemi þeirra. Ef ætlað er að þessi tegund auglýsinga falli undir þessa grein með orðalaginu „*beint eða óbeint*“ telur Samkeppnisstofnun rétta að kveða fastar að orði og skýra málið betur.

Rauðarárstígur 10
Pósthólf 5120
125 Reykjavík
Sími: 552 7422
Bréfasími: 562 7442
www.samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
Kt. 680269-5569



Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar

Anna Birna Halldórsdóttir

Anna Birna Halldórsdóttir